

Bæjarráð Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

28. 05. 2018.

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.06.2018
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1806110

Töframáttur tónlistar

Valhúsarbraut 23

Póstnúmer 170

Tölvupóstfang ggkvaran@gmail.com

Beiðni um styrk.

Töframáttur tónlistar.

Töframáttur tónlistar er tónleikaröð fyrir fólk sem vegna geðfatlana, félagslegrar einangrunar og/eða öldrunar á erfitt með að sækja tónlistar- og aðra listviðburði. Aðstandendur tónleikaraðarinnar leggja áherslu á að kynna eins og best verður á kosið þessa tónlistarviðburði á þeim stöðum sem markhópurinn dvelur á eða sækir.

Fernir tónleikar eru haldnir á vetri á Kjarvalstöðum. Tónlistarmennirnir spila einnig á Litla-Hrauni ef nægilegt fjármagn næst. Enginn aðgangseyrir er á þessa tónleika.

Markmið verkefnisins er að ná til þeirra sem minna mega sín og fara af heilsufarslegum, félagslegum og oft um leið fjárhagslegum ástæðum á mis við það sem best gerist í íslensku tónlistarlífi. Við viljum hvetja þessa aðila til að koma á tónleika og um leið bjóða upp á ánægjulega og gefandi stund. Áhersla er lögð á að skapa gott og afslappað andrúmsloft á tónleikunum. Tónlistarmennirnir ræða við áheyrendur, kynna tónlistina og fræða